

REGLUGERÐ

um útborgun barnabóta, barnabótaauka, húsnæðisbóta, vaxtabóta og endurgreiðslu ofgreiddra skatta.

1. gr.

Barnabætur, barnabótaauka, húsnæðisbætur, vaxtabætur og endurgreiðslu ofgreiddra skatta skal leggja inn á reikning greiðsluþega í banka eða sparisjóði. Upplýsingar um reikning greiðsluþega í banka eða sparisjóði eru tölvuskráðar í ráðstöfunarskrá.

Ef ekki er vitað um reikningsnúmer greiðsluþega skal framangreind greiðsla greidd með tékka.

2. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. geta þeir sem fá greiddar barnabætur, barnabótaauka, húsnæðisbætur, vaxtabætur eða endurgreiðslu ofgreiddra skatta óskað eftir að fá greitt með tékka í stað þess að láta leggja greiðslur þessar inn á bankareikning sinn.

Beiðni um að fá greitt með tékka í stað innleggs á bankareikning skal gerð á þar til gert eyðublað í banka eða sparisjóði. Viðkomandi banki eða sparisjóður skal sjá um að færa slíka breytingu á ráðstöfunarskrá.

Ríkisbókhald skal sjá til þess að greiðslur, samkvæmt reglugerð þessari, sem koma til greiðslu 10 dögum eftir að greiðsluþegi er tekinn af ráðstöfunarskrá, verði sendar með tékka.

3. gr.

Ríkisféhirðir annast útborgun samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í A-, B- og C-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1991.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Kristján Gunnar Valdimarsson.